

Fyrirspurn

til efnahags- og viðskiptaráðherra um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga.

Frá Ólöfu Nordal.

1. Er unnið að því í ráðuneytinu að ýta undir það að fjármálagerningar séu teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.e. í Kauphöll Íslands?
2. Hefur ráðuneytið kannað möguleika á því að breyta lögum til að auðvelda töku fjármálagerninga til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga?
3. Telur ráðherra að gera skuli kröfu um að fjármálagerningar verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði þegar þau fyrirtæki verða seld sem eru nú á forræði fjármálafyrirtækja í umsjá eða eigu ríkisins?
4. Hvernig telur ráðuneytið að hægt sé að auka eða ýta undir það að fjármálagerningar séu teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Kauphallar Íslands?

Skriflegt svar óskast.